

## 138. fundargerð

# skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms

24. nóvember 2010

138. fundur skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms var haldinn 24. nóvember kl. 18 á skrifstofu skólastjóra.

### Dagskrá

1. Skýrsla skólastjóra
2. Fjárhagsáætlun
3. Önnur mál

### Mætt voru:

Jóhanna Guðmundsdóttir, Jósep Ó. Blöndal, Sigurborg Sturludóttir og Unnur Sigmarsdóttir.

1. Skýrsla skólastjóra.

Farið yfir dagatal desember 2010. Jólatónleikar í Stykkishólmskirkju kl. 18:00 14. Desember. Mikil dagskrá framundan á vegum tónlistarskólans. Allir tónleikar verða auglýstir á atburðadagatali og á heimasíðu tónlistarskólans. Hausttónleikum Lúðrasveitar Stykkishólms var frestað.

2. Fjárhagsáætlun.

Rætt var um endurgreiðslu sveitafélaganna og nauðsyn þess að marka reglur um samstarf milli sveitafélaga. Fórum yfir fjárhagsáætlun. Stefnt er að 6% niðurskurði á launalið á næsta ári og fyrirséð að skólagjöld þurfi að hækka.

3. Önnur mál.

Engin!

Fundi slitið kl. 19:00

Unnur Sigmarsdóttir